

20. ágúst 2026



Árshlutauppgjör 2026

Hornsteinninn í fjármögnun íslenskra sveitarfélaga síðan 1966

- **Stofnun í almannapágu með áratuga reynslu**
 - Sjóðurinn var stofnaður með lögum árið 1966 með það meginhlutverk að tryggja sveitarfélögum á Íslandi aðgang að hagstæðri og fyrirsjáanlegri langtímafjármögnun.
 - Í dag starfar sjóðurinn sem fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á grundvelli laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.
- **Virkur útgefandi á skuldabréfamarkaði**
 - Sjóðurinn er einn stærsti útgefandi skuldabréfa á Íslandi og hefur tryggt fjármögnun sína á markaði síðan 2003. Skuldabréf sjóðsins eru talin meðal öruggustu fjárfestingakosta á landinu og er mikilvægur þáttur í eignasöfnum margra innlendra fjárfesta. Þessi staða var studd af lánshæfiseinkunninni i.AAA frá Reitun árið 2018.
- **Burðarás í uppbyggingu samfélagsins**
 - Með því að vera í eigu allra 62 sveitarfélaga getur sjóðurinn einbeitt sér að sínu lykilhlutverki: að vera burðarás í langtímafjármögnun opinberra innviða á borð við skóla, veitukerfi og hafnir.
- **Sérstaða tryggð með lögum**
 - Starfsemi sjóðsins byggir á sérstökum lagaramma sem lítur einkum að því að sveitarfélög landsins hafa ekki heimild til að veðsetja tekjur sínar öðrum en Lánasjóðnum og eru öll langtímalán sjóðsins í dag með slíkri veðsetningu.

Veð í tekjum

- **Sérstök lagaheimild**
 - Samkvæmt 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilt, þrátt fyrir almennt bann, að veðsetja útsvarstekjur sínar eingöngu til tryggingar skuldbindingum við Lánasjóð sveitarfélaga.
 - Þessi einstaka lagaheimild er hornsteinn í starfsemi sjóðsins og aðgreinir hann frá öðrum lánveitendum.
- **Skýr og formleg veðyfirlýsing**
 - Veðyfirlýsingunni er nánar lýst í reglugerð 835/2012 og krefst formlegrar samþykktar kjörinnar sveitarstjórnar. Þetta ferli tryggir skýran lagalegan grundvöll fyrir veðkröfunni.
- **Reynt og virkt innheimtuúrræði**
 - Fyrirkomulaginu hefur einu sinni þurft að beita í sögu sjóðsins. Sú reynsla staðfesti virkni lagarammans þegar sveitarfélagið Álftanes komst í vanskil eftir skipun fjárhaldsstjórnar. Sjóðurinn átti farsælt samstarf við fjárhaldsstjórnina sem staðfesti forgangskröfuna og tryggði full skil til sjóðsins. Þetta sýnir að fyrirkomulagið virkar og tryggir hagsmuni sjóðsins þegar á reynir.
- **Sjálfvirkt og lögformlegt innheimtuferli**
 - Við vanskil skyldar lagaramminn ráðherra til að veita heimild til innheimtu án tafar og fjarlægir þar með alla stjórnsýslulega óvissu. Í kjölfarið leitar sjóðurinn beint til ríkisstofnana (Fjársýslu/Jöfnunarsjóðs) sem ráðstafa tekjum í forgangi til hans. Þessi milliliðalaus innheimtuleið útilokar þar með alla innheimtuáhættu fyrir sjóðinn.


	Skýr.	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Vaxtatekjur og verðbætur		11.275	7.794
Vaxtagjöld og verðbætur		(10.471)	(7.033)
Hreinar vaxtatekjur	5	804	761
Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði	6	685	624
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	7	(23)	(86)
Hreinn gjaldeyrismunur	8	(3)	(6)
Virðisrýmun útlána til viðskiptavina	16	(2)	(1)
Aðrar rekstrartekjur		657	532
Rekstrartekjur samtals		1.462	1.293
Laun og launatengd gjöld	9	61	60
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	10	41	39
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		13	12
Annar rekstrarkostnaður	11	48	46
Almennur rekstrarkostnaður		163	156
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		1.299	1.137

Fjárhæðir í milljónum króna


- Afkoma óbreytt á milli ára
 - Áframhaldandi góð afkoma með sterkum verðtryggingarjöfnuði og virkri stýringu lausafjáreigna.
- Hóflegur rekstrarkostnaður
 - Kostnaður í hlutfalli af tekjum var 11% og lækkar um tæpt 1% frá fyrra ári.
 - Kostnaður í hlutfalli af eignum er 0,14% á ársgrundvelli og er óbreyttur milli ára.

Afkoma síðustu ára

Rekstrartekjur



Hagnaður af reglulegri starfsemi




	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	13	9.989	8.273
Markaðsverðbréf og skuldabréf	14	7.663	7.220
Útlán og kröfur á lánastofnanir	15	276	1.628
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	16	220.673	211.558
Rekstrarfjármunir	17	64	64
Aðrar eignir	18	46	39
Eignir samtals		238.710	228.782
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	21	203.207	195.339
Aðrar langtímalántökur	22	6.305	6.161
Afleiðusamningar	24	331	204
Skammtímalántökur	25	492	0
Lífeyrisskuldbinding	26	148	152
Aðrar skuldir	27	16	16
Skuldir samtals		210.501	201.872
Eigið fé			
Hlutfé		5.000	5.000
Bundinn varasjóður		1.520	1.442
Óráðstafað eigið fé		21.689	20.468
Eigið fé samtals	28	28.209	26.910
Skuldir og eigið fé samtals		238.710	228.782

Fjárhæðir í milljónum króna

- Lausafé ávaxtað í ríkisbréfum, víxlum og sértryggðum skuldabréfum.
- Útlánasafn stækkar um 4%.
- Aðrar langtímalántökur eru skuldir í evrum til erlendrar lánastofnunar.
 - Afleiðusamningar jafnframt nýttir til að umbreyta erlendri fjármögnun í íslenskar krónur.
- Lánasjóðurinn seldi skuldabréf að fjárhæð ISK 8 ma að markaðsvirði á fyrri helmingi ársins.

Skuldabréfaútgáfur




Lausafjárstaða

- Laust fé er ávaxtað í ríkisbréfum, sértryggðum skuldabréfum og öðrum markaðsverðbréfum.
- Stefna Lánasjóðsins er að eiga nægt laust fé til að standa við skuldbindingar í a.m.k. 3 mánuði án nýrrar fjármögnunar.


Staða 30.6.2026	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Ríkissk.br. og ríkisvixlar	3.450	4.563	719	1.498		10.230
Markaðsverðbr. og sk.br.		529	3.630	3.867		8.026
Útlán og kröfur á lánast.	276					276
Útlán og kröfur á viðsk.v.	194	5.270	20.488	97.390	144.709	268.051
Afleiðusamningar			56	1.876		1.932
Fjáreignir samtals	3.919	10.362	24.893	104.632	144.709	288.515
Verðbréfaútgáfa		2.680	18.531	85.554	138.688	245.452
Aðrar langtímalántökur	493		219	2.842	4.222	7.775
Afleiðusamningar				2.266		2.266
Fjárskuldir samtals	493	2.680	18.750	90.661	142.910	255.493
Nettó eignir - skuldir	3.427	7.682	6.142	13.970	1.799	33.021

Markaðsáhætta


- Áhætta Lánasjóðsins gagnvart verðbólgu er markvisst varin með jákvæðum verðtryggingarjöfnum.
- Í lok júní 2026 var verðtryggingarjöfnum sjóðsins 51% í hlutfalli af eigið fé.
- Gjaldeyrisjöfnum sjóðsins var 0,4% af eigið fé í lok tímabils.
- Vaxtaáhætta vegna fjáreigna á gangvirði var óveruleg í lok júní 2026 en 75% eigna á gangvirði eru á gjalddaga innan 18 mánaða.



Langtímalánveitingar



Útlánasafn í lok júní 2026



- Stærð útlánasafns er ISK 220 ma.
- Góð landfræðileg dreifing.
- Afborganir að meðaltali ISK 16 ma á ári næstu árin.
- Græn lán nema um 4% af lánasafni.
 - Helstu verkefni eru fráveituframkvæmdir og vottaðar byggingar.

Flokkunarreglugerð

- Lánasjóðnum ber skylda til að gera grein fyrir þeim verkefnum sem falla undir að vera aðlöguð að flokkunarreglugerðinni og uppfylla tæknileg matsviðmið sem þar koma fram. Lánasjóðurinn hefur sett sér það verklag að langtímalán sjóðsins séu flokkuð út frá flokkunarreglugerðinni og lántakendur svari spurningalista því tengt áður en til lánveitingar kemur.
- Á fyrstu 6 mánuðum 2026 gat enginn lántaki staðfest að viðkomandi verkefni uppfyllti tæknileg matsviðmið flokkunarreglugerðar að öllu leyti.


Reglugerð nr. 2021/2139, kafli nr.

Fjárhæðir í m.kr.


	Hæf lán skv. skilgreiningu reglugerðar		Lán sem uppfylla tæknileg skilyrði reglugerðar	
	2026 06	2025 06	2026 06	2025 06
4.22. Framleiðsla á varma/kælingu úr jarðvarmaorku	610	470	0	0
5.3. Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa	15	700	0	0
5.5. Söfnun og flutningur á hættalausum úrgangi sem er aðgreindur í hluta við upptök	21	0	0	0
6.13. Grunnvirki fyrir ferlimál einstaklinga, nytjahj.flutn.stj.	0	90	0	0
6.15. Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almennissamgöngur með litla losun kolefna möguleg	150	50	0	0
6.16. Grunnvirki fyrir flutninga á sjó og vatnaleiðum	60	200	0	0
7.1. Smíði nýrra bygginga	3.239	7.597	0	0
7.2. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	1.370	1.380	0	0
7.7. Kaup og eignarhald á byggingum	150	0	0	0
Samtals	5.600	10.487	0	0
Lán sem eru ekki hæf skv. reglugerðinni	4.600	5.668	0	0
Heildarútlán	10.200	16.155	0	0

Eiginfjárhlutfall

- Skv. sveitarstjórnarlögum er sveitarfélögum heimilt að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum.
- Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjáruttreikninga vegna þessarar lögbundnu sérstöðu.
- Við beitingu mildunar fá áhættuskuldbindingar vegna sveitarfélaga áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% áhættuvog vegna lána og ábyrgða í íslenskum krónum.
- Eiginfjárhlutfall með fullri mildun nam 361% í lok júní 2026 en var 320% í árslok 2025.



Eiginfjárkröfur *



* m.v. árslok 2025.

Söguleg ávöxtunarkrafa

Söguleg ávöxtunarkrafa





LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

